

**Aðalfundur LÍ**  
**2. - 3. október 2025**

**Ályktun**  
**um eitt tölvukerfi fyrir blóðprufubeiðnir og svör**

Aðalfundur Læknafélags Íslands, haldinn í Stykkishólmi dagana 2. og 3. október 2025 skorar á heilbrigðisyfirvöld að setja á laggirnar eitt tölvukerfi innan árs sem tekur við blóðprufubeiðnum og sýnir niðurstöður, hvar sem prufurnar eru teknar.

Það að beiðnir og niðurstöður séu í ólíkum kerfum stuðlar að óskilvirkni, býður upp á að blóðprufuniðurstöður fari forgörðum, sem og getur ógnað öryggi sjúklinga.

Læknafélag Íslands lýsir sig reiðubúið til samvinnu við stjórnvöld um útfærslu.